



Reykjavík, 21. apríl 2026

USK23010145

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun

Svar við fyrirspurn fulltrúa Vinstri grænna um yfirlit forgangsröðunar fyrir árið 2023 á umferðaröryggi í húsagötum skv. umferðaröryggisáætlun 2019-2023

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, 11. janúar 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Vinstri grænna:

Óskað er eftir yfirliti forgangsröðunar fyrir árið 2023 á umferðaröryggi í húsagötum skv. Umferðaröryggisáætlun 2019-2023. Eins er óskað eftir upplýsingum um hvort og með hvaða verklagi framkvæmdir í að bæta umferðaröryggi séu skoðaðar t.d. út frá borgarhönnun og fagurfræði, viðmiðum um gangstéttir, hjólastæði, þrengingum eða þess háttar.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 25. janúar 2023

Svar:

Beðist er velvirðingar á því hversu seint svar við fyrirspurninni berst en svarið tekur mið af því og fjallar um forgangsröðun framkvæmda til að bæta umferðaröryggi í Reykjavík almennt.

Vinna við að bæta umferðaröryggi í borginni tekur mið af áherslum umferðaröryggisáætlunar Forgangsröðunin er því fyrst og fremst að koma í veg fyrir alvarleg slys og dauðsföll, með sérstakri áherslu á að koma í veg fyrir slys á börnum. Árlega er undirbúinn er svokallaður umferðaröryggispakki, sem samanstendur af framkvæmdum komandi sumars hverju sinni og er hann kynntur og borinn undir umhverfis og skipulagsráð. Áætlaðar aðgerðir í umferðaröryggismálum 2026 voru kynntar og samþykktar á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 11. mars síðastliðinn. Gögn fundarins eru aðgengileg á vefnum með fundargerðinni.

Við val á mögulegum aðgerðum er gert gróft áhættumat út frá því hversu líklegt er talið að alvarlegt slys geti átt sér stað, en einnig er horft til virkni og kostnaðar mögulegra aðgerða, samlegðaráhrifa við aðrar framkvæmdir, væntrar framtíðarþróunar innviða og búsetu, leiðum barna til og frá skóla og frístundum o.fl. Reykjavíkurborg tekur þátt í þeim lagfæringum sem Vegagerðin fer í á stofnbrautunum til að bæta umferðaröryggi (hluti af þeim kostnaði fellur á Reykjavíkurborg). Þá kemur einnig fyrir að að farið er í umferðaröryggisaðgerðir samhliða öðrum framkvæmdum, sem að öðrum kosti hefði ekki



Reykjavík



verið farið í. Þetta verklag gerir það að verkum að forgangsröðun aðgerða fyrir hvert ár er miðuðu við þá stöðu sem er uppi hverju sinni og áætlanir til lengri tíma verða að vera sveigjanlegar.

Húsagötur eru ekki meðhöndlaðar sérstaklega, heldur er horft á borgina sem heild og þeim stöðum sem talið er að liggja mest á að bæta umferðaröryggi forgangsraðað framar. Líkur á alvarlegum slysum eru t.d. að jafnaði meiri á stofn-, tengi- og safngötum borgarinnar, enda er umferð meiri um þær götur og er þar oftast ekið hraðar. Þetta má meðal annars sjá í slysatölum borgarinnar. Í húsagötum hefur þegar verið unnið mikið með hraðalækkandi aðgerðir og vega þær götur því lægra í umferðaröryggispakka hvers árs samanborið við stofn-, tengi- og safngötur, þó svo að yfirleitt sé farið í einhverjar aðgerðir í húsagötum á hverju ári, gjarnan í tengslum við gönguleiðir skólabarna. Við hönnun aðgerða er einnig tekið mið af aðstæðum á hverjum stað fyrir sig eins og unnt er og reynt að skapa aðlaðandi borgarumhverfi samhliða þeim aðgerðum sem farið er í á sama tíma og markmiðið er að ná fram sem mestum jákvæðum áhrifum fyrir umferðaröryggi innan ramma fjárhagsáætlunar.

Líkt og fram hefur komið er haldið utan um þau verkefni sem þarf að ganga í og þeim forgangsraðað. Hjalagt má sjá skjáskot af korti sem sýnir merkt inn þá staði í borginni sem þarfnast einhvers konar athygli með hliðsjón af umferðaröryggi. Þessi mynd er unnin út frá annars vegar ábendingum sem berast borgarstarfsmönnum og hins vegar því sem starfsmenn borgarinnar merkja inn í kjölfar rýni á upplýsingum um umferðarslys (frá Samgöngustofu og lögreglu), vettvangsferðum og einstakra rýniverkefna eins og á gönguleiðum skólabarna. Kortið er lifandi vinnutæki í umferðaröryggismálum og uppfært reglulega í samræmi við ábendingar, rýni og samþykktir ráðsins. Athygli er vakin á því að einhver verk hafa þegar verið framkvæmd, sums staðar er merkt inn það sem er ekki stórt áhyggjuefni og því ekki forgangsatríði en aðrir innmerktir staðir hafa meiri forgang. Beitt er hefðbundinni aðferðarfræði áhættumats þar sem metnar eru líkur á atburði og hversu alvarlegur líklegast er að hann sé. Einnig fylgir með hitakort Samgöngustofu af annarsvegar öllum umferðarslysum og hins vegar umferðarslysum sem hafa í för með sér meiðsli á fólki fyrir árin 2021 til og með 2025.


Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri

Hjalagt:

- Skjáskot af gagnagrunni vásaða, Staðir sem þarfnast athygli með hliðsjón af umferðaröryggi eru merktir með rauðum punkti
- Hitakort Samgöngustofu, umferðarslys sem hafa í för með sér meiðsli á fólki 2021 til og með 2025
- Hitakort Samgöngustofu, öll umferðarslys 2021 til og með 2025



Reykjavík



Skjáskot af gagnagrunni vástaða, Staðir sem þarfnast athygli með hliðsjón af umferðaröryggi eru merktir með rauðum punkti



Hitakort Samgöngustofu, umferðarslys sem hafa í för með sér meiðsli á fólki 2021 til og með 2025



Hitakort Samgöngustofu, öll umferðarslys 2021 til og með 2025